

## Glíman við þögn Guðs í kvikmynd Martins Scorsese, *Silence*

### Inngangur

Í desember árið 2016 var kvikmynd Martins Scorsese, *Silence*, frumsýnd. Hann hafði gengið með hana í maganum í um aldarfjórðung, eða allt frá því að hann las samnefnda sögulega skáldsögu eftir japanska rithöfundinn Shusaku Endo (1923–1996) frá árinu 1966. Scorsese hefur sagt frá því í viðtali að erkibiskup í biskupakirkjunni, Paul Moore jr., hafi sent honum bók eftir að hann hélt sérstaka sýningu á kvikmyndinni *Síðasta freisting Krists* í New York árið 1989 fyrir leiðtoga ýmissa trúarhópa. Það reyndist vera skáldsaga Shusakus Endo. Hann kveðst hafa orðið gagntekinn af frásögninni og taldi strax áhugavert að gera handrit eftir henni.<sup>1</sup> Það kostaði þó alls kyns baráttu og hann þurfti að glíma við ýmsar hindranir á leiðinni, svo sem málaferli, vanda við fjármögnun o.fl. Þá tóku aðrar myndir sem hann vann að sinn tíma svo að ekki gafst nægt svigrúm til að huga að *Silence*.<sup>2</sup> Scorsese hefur einnig sagt frá því að hann hafi verið óviss um hvernig hann ætti að nálgast viðfangsefnið. Fyrstu tilraunir til að skrifa handrit mistókust og hann og meðhöfundur hans, Jay Cocks, glímdu lengi við handritsgerðina.<sup>3</sup> Scorsese gefur í skyn í viðtali að aukinn þroski og reynsla með aldrinum hafi að lokum leitt til þess að verkið gekk upp.<sup>4</sup> Ekki verður sagt að áhorfendur hafi flykkst í kvikmyndahúsin til að sjá myndina en hún hefur engu að síður vakið mikla athygli, meðal annars vegna þess hvernig hún tekur á spurningum um trú og sannfæringu andspænis ofsóknum og þjáningu. Glíman við þögn Guðs og fjarlægð í slíkum aðstæðum er jafnframt áleitnið viðfangsefni myndarinnar. Í greininni verður kvikmynd Martins Scorsese greind með áherslu á hvernig tekist er á við glímuna við þögn Guðs og spurningar sem tengjast sannfæringu og eðli trúar andspænis ofsóknum og þjáningu. Gengið verður út frá kaþólskum bakgrunni leikstjórans og kannað með hvaða hætti hann hefur áhrif á gerð myndarinnar: Hvaða áhrif hefur kaþólsk lífsskoðun leikstjórans og glíma við trúarheimspekileg og siðferðisleg vandamál á framsetningu myndarinnar? Jafnframt verður horft sérstaklega til kenninga og áherslna jesúitahreyfingarinnar þar sem tvær aðalpersónur myndarinnar eru jesúitaprestar: Að hvaða leyti hafa þær áherslur áhrif

<sup>1</sup> Stephen Galloway, „Martin Scorsese’s Journey From Near-Death Drug Addict to ‘Silence’“, *The Hollywood Reporter*, 8. desember 2016, sótt 27. mars 2019 af <https://www.hollywoodreporter.com/features/martin-scorsese-interview-death-drug-addict-silence-953300>.

<sup>2</sup> Scott Meslow, „You Can Finally Watch *Silence*, Martin Scorsese’s Greatest Passion Project, for Free“, *GQ Magazine*, 5. desember 2017, sótt 20. mars 2019 af <https://www.gq.com/story/silence-martin-scorsese-on-amazon-prime>.

<sup>3</sup> Rene Rodriguez, „In ‘Silence’, Martin Scorsese Asks, ‘Why Doesn’t God Ever Answer Our Prayers?’“, *Miami Herald*, 5. janúar 2017, sótt 20. mars 2019 af <https://www.miamiherald.com/entertainment/movies-news-reviews/article124685684.html>.

<sup>4</sup> Christopher Hooton, „Martin Scorsese Doesn’t Have the Answer to Life’s Meaning, but He Needed to Ask the Question“, *Independent*, 11. maí 2017, sótt 27. mars 2019 af <https://www.independent.co.uk/arts-entertainment/interviews/martin-scorsese-interview-the-irishman-silence-film-director-a7731351.html>.

á hvernig myndin tekst á við trúarlega sannfæringu og afneitun trúar í óbærilegum aðstæðum? Í því sambandi verður einnig skoðað hvernig myndin vísar til tiltekinna biblíutexta sem tengjast efni hennar og vinnur með þá: Hvaða áhrif hafa beinar og óbeinar vísanir til biblíutexta á frásögn myndarinnar? Markmiðið er að ræða hvernig Scorsese nálgast þær trúarheimspekilegu spurningar og vandamál sem myndin fjallar um og hvaða lærdóma megi draga af því.

## Leikstjórinn og bakgrunnur hans

Martin Scorsese þarf vart að kynna, hann hefur gert slíkan fjölda þekktra kvikmynda. Þá hefur hann hlotið ótal viðurkenningar og verðlaun fyrir myndir sínar, m.a. Golden Globe-, Emmy-, BAFTA- og Óskarsverðlaun. Hann hefur verið tilnefndur átta sinnum til Óskarsverðlauna sem besti leikstjórinn og hlaut þau fyrir kvikmyndina *The Departed* árið 2007, en sú mynd var einnig valin besta kvikmyndin það ár.

Þegar myndir hans eru skoðaðar sést fljótlega hvernig bakgrunnur hans hefur mótað nálgun hans og framsetningu. Hann fæddist 17. nóvember árið 1942 í Flushing Long Island og ólst upp á Manhattan í „Litlu Ítalíu“ sem svo er nefnd. Hann var sonur hjóna af sikileyskum ættum, þeirra Catherine og Charles Scorsese. Þau voru af verkamannastétt og einlægir kaþólikkar.<sup>5</sup> Nefna má að áður en hann hóf nám í kvikmyndafræðum lagði hann stund á guðfræði og ætlaði að verða prestur.<sup>6</sup> Það er því áhugavert að sjá hvernig uppeldið í „Litlu Ítalíu“ og kaþólsk mótun og lífsskoðun setur víða mark á myndir hans. Scorsese hefur oft rætt um þennan bakgrunn sinn og hvernig hann hefur mótað lífsstarf hans.<sup>7</sup> Í viðtali, skömmu eftir að *Silence* var frumsýnd, lýsir hann því hvernig hann mótaðist af kaþólsku kirkjunni í New York um miðja 20. öldina og hvernig ungur prestur við St. Patrick's Old Cathedral, faðir Francis Principe, hafi verið honum mikilvægur lærifaðir frá því að hann var 11 ára gamall og fram að 17 ára aldri, þegar hann var þar altarisdrengur. Hann hafi verið raunverulegur leiðbeinandi og götuprestur og hann hafi langað til að feta í hans fótspor, en ekki getað það. Hann hafi skort raunverulega köllun til þess. Hann segir frá því að hann hafi ekki skilið hvernig þessi prestur gat afneitað sjálfum sér og stolti sínu til að þjóna öðrum.<sup>8</sup> Þessi sami prestur var áhugamaður um kvikmyndir og hvatti Scorsese og félagar hans til að kynna sér listir sem hluta af vitsmunalegum og andlegum þroska. Ef til vill hefur það leitt til þess að hann hóf nám í kvikmyndafræðum við háskólann í New York.<sup>9</sup>

Enda þótt það hafi ekki átt fyrir Scorsese að liggja að verða prestur sést það ítrekað í myndum hans að unnið er með hugtök og stef sem tengjast trúarlegum og siðferðilegum spurningum, svo sem trúmennsku, svik, endurlausn, átök og ofbeldi.

<sup>5</sup> David Thompson og Ian Christie (ritstj.), *Scorsese on Scorsese*, London og Boston: Faber and Faber, 1996, bls. 1–22.

<sup>6</sup> Nick Pinkerton, „You Talkin' to Me“, *Film Society of Lincoln Center, Film Comment*, janúar/febrúar 2017, sótt 20. mars 2019 af <https://www.filmcomment.com/article/martin-scorsese-silence-interview/>.

<sup>7</sup> Sjá m.a. David Thompson og Ian Christie (ritstj.), *Scorsese on Scorsese*, bls. 1–22.

<sup>8</sup> Glenn Whipp, „Through 'Silence', Martin Scorsese Examines His Own Spiritual Journey“, *Los Angeles Times*, 10. janúar 2017, sótt 20. mars af <https://www.latimes.com/entertainment/envelope/la-en-mn-0110-martin-scorsese-silence-20170110-story.html>.

<sup>9</sup> Daniel Imwalle, „Trilogy of Faith“, *St. Anthony Messenger*, 27. september 2019, bls. 26–32, sótt 12. nóvember 2019 af <https://blog.franciscanmedia.org/sam/martin-scorseses-trilogy-of-faith>.

Margt í myndum hans bendir ennfremur til þess að hann hafi þurft að glíma við tilvistarspurningar tengdar trúarlegri sannfæringu, efasemdum og siðferðilegri kreppu. Paul Duncan bendir á að í myndum Scorseses er aðalpersónan gjarnan knúin áfram af ytri þörfum og þrýstingi annars vegar og innra eðli hins vegar, sem aftur stangast á við þann innri sannleika sem persónan keppir eftir. Þetta snýst í raun um hvernig hægt er að leysa syndara undan syndum þeirra, fá fyrirgefningu í heimi sem ekki fyrirgefur.<sup>10</sup>

Þótt trúarleg eða guðfræðileg stef séu víða undirliggjandi í myndum Scorseses eru það þó þrjár af myndum hans sem fjalla sérstaklega um þau efni, þ.e. *Síðasta freisting Krists* frá árinu 1988, *Kundun* frá 1997 og svo *Silence*. Í öllum þessum myndum fæst hann við áleitnar spurningar og nálgunin á sér rætur í kaþólskri lífsskoðun. *Síðasta freisting Krists* byggist á samnefndri skáldsögu gríska rithöfundarins Nikos Kazantzakis (1883–1957) frá árinu 1954. Í henni er tekist á við guðfræðilegar spurningar sem eiga sér rætur allt aftur á fjórðu öld eða til kirkjuþingsins í Kalkedon árið 451, þ.e. spurningar um tvöfalt eðli Krists og hvernig hann gat verið Guð og maður í senn.<sup>11</sup> Scorsese stingur sér á kaf í þessa guðfræðilegu glímu með því að ákveða að gera mynd eftir bókinni. Hann hefur lýst nálgun sinni með þessum hætti:

Mér fannst sú framsetning á Kristi sem lagði áherslu á mannlega hlið eðlis hans, án þess að afneita því að hann væri Guð, aðgengilegust fyrir mig. Hin guðlega hlið hans skilur ekki til fulls hvað mannlega hliðin þarf að gera, hvernig hann þarf að umbreyta sjálfum sér og að lokum verða fórnin á krossinum. Maðurinn Kristur lærir þetta einungis smám saman.<sup>12</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Scorsese efast ekki um guddóm Jesú og tvöfalt eðli hans en hann telur mikilvægt að framsetningin á honum í kvikmyndum dragi betur fram mannlegt eðli hans svo að það höfði betur til áhorfenda í nútímanum. Hann rifjar jafnframt upp að í kaþólsku skólunum sem hann gekk í hafi öll áherslan verið lögð á guddómlegt eðli hans. Það hafi því verið auðvelt fyrir hann að mæta freistingunum sem mættu honum vegna þess að hann var Guð.<sup>13</sup> Þegar horft er á myndina blasir við að Scorsese leggur aftur á móti áherslu á mannlegt eðli Krists. Það er jafnframt í samræmi við nálganir hans á aðalpersónum í myndum hans að gera mikið úr innri baráttu Krists þar sem hið mannlega og hið guðlega eðli takast á. Eins og kunnugt er varð myndin mjög umdeild og margir mótmæltu henni á sínum tíma, einkum þeir sem voru íhaldssamir í trúmálum eða bókstafstrúar. Var það meðal annars vegna þess að þeir töldu Jesú gerðan of mannlegan á kostnað hins guðlega. Scorsese hefur reyndar bent á að margir sem mótmæltu myndinni höfðu í reynd ekki einu sinni séð hana.<sup>14</sup>

Kvikmyndin *Kundun* er byggð á handriti eftir Melissu Mathieson um líf Dalaí Lama, frá því hann var uppgötvaður af munkum sem hinn fjórtándi Dalaí Lama árið 1937, fram að því að hann varð að flýja í útleið frá Tíbet til Indlands árið 1959. Myndin er í senn könnun á eðli trúar og viðleitni til að halda á lofti kjarnaatriðum í menningu Tíbeta. Framsetningin á Dalaí Lama er ólík framsetningunni á Kristi í *Síðustu freistingu Krists*. Hér er engin innri glíma og engin óvissa um köllun hans og

<sup>10</sup> Paul Duncan, *Martin Scorsese*, Harpenden, Herts: Pocket Essentials, 2004, bls. 11.

<sup>11</sup> Graham Holderness, „“Half God, Half Man”: Kazantzakis, Scorsese, and *The Last Temptation*“, *The Harvard Theological Review* 100:1/2007, bls. 65–96.

<sup>12</sup> David Thompson og Ian Christie (ritstj.), *Scorsese on Scorsese*, bls. 116.

<sup>13</sup> Sama rit, bls. 124.

<sup>14</sup> Daniel Imwalle, „Trilogy of Faith“, bls. 30.

hlutverk. Í staðinn snýst spennan um pólítísk örlög tibetsku þjóðarinnar á tímum menningarbyltingar Maós í Kína. Scorsese hefur lýst hvatanum að því að hann gerði myndina:

Sem kristinn trúi ég því að framtíð þess að vera menskur sé kærleikur og samúð. Ég trúi því hvort sem Guð er til eða ekki. Og ég sé þetta fólk iðka þessa trú. Augljóslega ekki öll, það voru bardagama-menn, Khampas, og munkar með byssur. Ég er rækilega róttastur í hinni gyðing-kristnu hefð en ég tel að trúarbrögð eins og tibetski búddisminn séu forvitnileg vegna þess að þeir sem aðhyllast þau bókstaflega haga sér og lifa samkvæmt þessu heimspekilega. Ég heillast af þeirri manneskju í veröldinni sem er full af umhyggju og kærleika, af hugmyndinni um þessa uppljómuðu veru sem býr yfir skilyrðislausri ást á öllum skynsemisverum.<sup>15</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Bent hefur verið á að í kvikmyndinni *Silence* sé fengist við þá spurningu að hve miklu leyti einstaklingur getur lifað samkvæmt þessari samúð og kærleika — jafnvel þótt það kosti það að vanvirða táknmynd þess kærleika.<sup>16</sup> Það er því áhugavert að sjá hvernig Scorsese setur efni myndarinnar í samhengi við það að skilja hvað sannur kristindómur felur í sér á tímum veraldarvæðingar vestrænnar menningar:

„Það snýst um samhygð og kærleika og óeigingirni. Hvernig lifir þú lífi þínu í þessum heimi? Því veraldlegri sem heimurinn verður, þeim mun meira glímum við við spurningar um hvað andlegt líf felur í sér og hvað það merkir. Við virðumst þurfa á því að halda, það er hluti af mannlegum aðstæðum.“<sup>17</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Samhljómurinn við það hvernig hann talar um viðfangsefni *Kundun* er augljós. Í *Silence* er Scorsese annars líkur sjáfum sér að því leyti að framsetningin lýsir vel innri átökum aðalpersónunnar, sem annars vegar tekst á við þær hræðilegu ofsóknir sem kristnir Japanar verða fyrir og hins vegar þá innri sannfæringu að halda fast við trúna og afneita henni ekki, hvað sem á gengur. Um leið verður spurningin um hvað skilyrðislaus kærleikur felur í sér knýjandi.

Þegar myndin var loksins tilbúin og komin í sýningar var Scorsese spurður út í hvort hann væri ekki ánægður með að verkefni sem hafði átt hug hans svona lengi væri nú tilbúið, svaraði hann því til að vissulega hefðu gleðistundir fylgt þessu verkefni á meðan á því stóð, en hann liti samt ekki svo á að myndinni væri endanlega lokið, heldur að hún héldi áfram að tjá trú hans.<sup>18</sup>

Þegar myndin *Silence* er skoðuð og sett í samhengi við aðrar myndir hans, þar sem tilvistarlegar og trúarheimspekilegar spurningar koma við sögu og jafnvel tekist á við djúpstæð guðfræðileg viðfangsefni, fer ekki hjá því að draga meg þá ályktun að gerð *Silence* hafi verið hluti af trúarlegri glímu og þroska Scorseses sjálfs. En um leið og hann álitur myndina eiga erindi til fólks á tímum veraldarhyggju, þegar spurningar um merkingu andlegs lífs verða ágengar, hefur hún jafnframt að geyma spurningar um gildi kirkjunnar sem stofnunar í nútímasamfélagi og trúboðsstarfsemi hennar.<sup>19</sup>

<sup>15</sup> David Thompson og Ian Christie (ritstj.), *Scorsese on Scorsese*, bls. 224.

<sup>16</sup> Gueric DeBona, „No Way Out: Martin Scorsese and the Ecclesial Imaginatio“, *Scorsese and Religion*, Studies in Religion and the Arts 15, ritstj. Christopher B. Barnett og Clark J. Elliston, Leiden og Boston: Brill, 2019, bls. 22–43, hér 36.

<sup>17</sup> Rene Rodriguez, „In ‘Silence’, Martin Scorsese Asks, ‘Why Doesn’t God Ever Answer Our Prayers?’“, bls. 3.

<sup>18</sup> Christopher Hooton, „Martin Scorsese Doesn’t Have the Answer to Life’s Meaning, but He Needed to Ask the Question“.

<sup>19</sup> Gueric DeBona, „No Way Out: Martin Scorsese and the Ecclesial Imaginatio“, bls. 37.

## Kvikmyndin *Silence* og bakgrunnur hennar

Í *Silence* segir frá leiðangri tveggja portúgalskra jesúítapresta, Sabastiao Rodrigues (Andrew Garfield) og Francisco Garupe (Adam Driver), sem ferðast til Japans á 17. öld í leit að læriföður sínum, Cristóvão Ferreira (Liam Neeson). Orðrómur hafði borist til Portúgals um að hann hefði afneitað trúnni og tekið upp japanska lifnaðarhætti, nokkuð sem þeir töldu óhugsandi. Því skyldi öllu fórnað til að finna hann. Þeir leggja því af stað og tekst að komast inn í Japan með hjálp veiklundaðs kristins Japana, Kichijiro (Yosuke Kubozuka) að nafni. Þar hitta þeir fyrir samfélag kristinna Japana sem þurfa að fara huldu höfði vegna ofsókna yfirvalda. Prestarnir leitast við að þjóna þeim á laun um leið og þeir standa andspænis grimmilegum ofsóknum yfirvalda. Hinum kristnu er stillt upp andspænis því að afneita trúnni með því að traðka á mynd af Kristi eða týna lífi að öðrum kosti. Þau sem neita eru pyntuð og drepin. Þegar fram líða stundir skilja leiðir prestanna og Rodrigues verður aðalpersóna myndarinnar. Trú hans er alvarlega ógnað þegar hann upplifir þögn Guðs gagnvart hræðilegum ofsóknum gegn kristnum mönnum sem hann verður vitni að. Það auðveldar ekki trúarglímuna þegar hann er settur í þá stöðu að ef hann afneitar ekki trúnni með því að traðka á Kristsmýnd þurfi hann að horfa upp á aðra kristna pyntaða og deydda.

Eins og áður er getið er myndin byggð á sögulegri skáldsögu Shusaku Endo þar sem gengið er út frá tilskipun Tokugawa-lénsherrans frá 1638 um að banna kristni í landinu og reka alla útlendinga úr landi.<sup>20</sup> Endo fæddist í Tókýó og ólst upp hjá móður sinni eftir skilnað foreldranna. Móðir hans snerist til kaþólskrar trúar og þegar hann var 11 ára var hann skírður. Það markaði upphafið á ævilangri glímu hans við að sættast við kaþólska trú sína og skilja tengsl hennar við trúarhefðir Asíu.<sup>21</sup> Það að hann var kaþólskur hafði jafnframt áhrif á stöðu hans sem Japana. Búddískir landar hans litu hann gjarnan hornauga vegna trúar hans og þegar hann bjó í Frakklandi um ára bil þótti hann einnig framandi vegna þjóðernis síns. Hann var því mótaður af reynslunni af því að vera „einn af hinum“ og hafði það áhrif á skrif hans. Bent hefur verið á að þverstæðurnar í lífinu og það hversu flókið er að lifa í framandi menningu virðist hafa mótað hugsanir og trú Endos.<sup>22</sup> Allt þetta hefur því mótað skrif Endos og það endurspeglast meðal annars í bók hans, *Silence*, þar sem glíman við þverstæður trúarinnar og spennan milli trúar og efa er áberandi. Það hefur svo haft áhrif á nálgun Scorseses við gerð myndarinnar.

Þar sem skáldsaga Endos byggist lauslega á sögulegum atburðum er áhugavert að skoða þann þátt einnig. Mark Williams, prófessor í japönskum fræðum við Háskólann í Leeds, greinir frá baksviði kvikmyndarinnar og skáldsögu Endos. Á þessum tíma hafði Japan verið skipt upp í meira en tvö hundruð lénssvæði, sem hverju um sig var stjórnað af eigin lénsherra. Allt kerfið var svo að nafninu til undir stjórn eins konar yfirlénsherra (e. *shogun*). Á 16. öld höfðu þrjár öflugir lénsherrar lagt undir sig og sameinað lénin og á endanum náði einn þeirra, Tokugawa Iyeyasu, að ljúka

<sup>20</sup> Caesar A. Monteverchio, „Silence“, *Journal of Religion and Film*, 21:1/2017, sótt 12. apríl 2019 af <https://digitalcommons.unomaha.edu/jrf/vol21/iss1/26/>.

<sup>21</sup> John Riches, „Shusaku Endo's “Silence”“, *The Expository Times*, 128:10/2017, bls. 497–499.

<sup>22</sup> Alissa Wilkinson, „Silence is Beautiful, Unsettling, and One of the Finest Religious Movies Ever Made“, *Vox Media*, 14. janúar 2017, sótt 30. apríl 2019 af <https://www.vox.com/culture/2016/12/21/14005760/silence-review-spoilers-martin-scorsese-andrew-garfield-adam-driver>.

sameiningarferlinu og leggja grunn að Tokugawa-lénsveldinu sem stóð frá árinu 1600 til 1868. Fram að tíma Tokugawa-veldisins hafði Japan smám saman opnast fyrir viðskiptum við Vesturlönd og komu kristniboða til landsins. Þeir fyrstu komu undir lok 5. áratugar 16. aldar. Árin milli 1550 til 1650 hafa verið kölluð „kristna öldin“ í Japan en staðreyndin er sú að á seinni hluta þessa tímabils áttu sér stað vaxandi ofsóknir gegn kristnu fólki. Þær hófust með því að 26 kaþólskir píslarvottar voru krossfestir í Nagasaki 1597. Skáldsaga Endos gerist á öðrum áratug 17. aldar en þá ríkir algjört bann við því að kristniboðar komi til landsins og sömuleiðis var Japönnum meinað að yfirgefa landið. Unnið var markvisst að því að útrýma kristinni trú og opinber trúarkenning landsins var blanda af shintó-trú og búddisma.<sup>23</sup> John Nelson bendir á að evrópskt kristniboð sé oft sagt hafa misheppnast í Japan vegna ofsókna japanskra yfirvalda. Skýringanna sé þó ekki síður að leita í ákvörðunum og aðferðum erlendu trúboðanna sjálfra. Þeir tóku mið af menningarlegum viðhorfum og hugmyndafræði sem mótast hafði í Evrópu og þeir tóku með sér. Þeir gerðu jafnframt alvarleg mistök bæði í að skilja japanska menningu og harðræði japanskra yfirvalda og við val á viðeigandi aðferðum í trúboði sínu. Afleiðingin varð sú að litið var á kristni sem menningarlega og félagslega truflandi trúarbrögð, með tengsl við hernað og nýlendustefnu, sem ógnaði pólitískri röð og reglu í Japan.<sup>24</sup> Viðbrögðin við nýlendustefnu Evrópubúa birtust einnig í því að erlend verslun var bönnuð frá því um 1600 fram á 7. áratug 19. aldar með þeirri undantekningu þó að Dejima-höfnin í Nagasaki var opin fyrir fáeina kínverska og hollenska kaupmenn. Þegar kristniboðar komu til landsins á ný upp úr miðri 19. öld vakti það athygli að þeir fundu Kakure-kristna (huldu-kristna) í landinu — sem höfðu þrátt fyrir allt varðveitt trú sína í yfir 250 ár.<sup>25</sup>

Augljóst er að þetta baksvið hefur haft áhrif á gerð kvikmyndar Scorseses. Sögulegur rammi hennar endurspeglar þær aðstæður sem ríktu á þeim tíma sem hún á að gerast á. Hún lýsir einnig menningarlegum árekstri milli austurs og vesturs og misheppnuðu trúboði kaþólsku kirkjunnar í Japan.

## Glíman við þjáninguna og þögn Guðs

*Silence* fæst við margvíslegar áhugaverðar og knýjandi spurningar. Í brennidepli er glíman við fjarlægð og þögn Guðs andspænis reynslunni af böli og þjáningu. Hér verður athyglinni beint sérstaklega að henni og hvernig brugðist er við óbærilegum aðstæðum andspænis kröfunni um að afneita trúnni. Glíman við þjáninguna og þögn Guðs hefur löngum orðið mönnum íhugunarefni. Sjá má dæmi um slíkt víða, t.d. í harmljóðum og sálum Gamla testamentisins. Í því sambandi má nefna Slm 10.1: „Hví stendur þú fjarri, Drottinn, hví felur þú þig á neyðartímum?“ og Slm 13.2: „Hve lengi, Drottinn, ætlar þú að gleyma mér með öllu? Hve lengi ætlar þú að hylja auglit þitt fyrir mér?“ Einnig má nefna Slm 22.2–3: „Guð minn, Guð minn! Hví hefur þú yfirgefið mig? Ég hrópa en hjálp þín er fjarlæg. „Guð minn!“ hrópa

<sup>23</sup> Mark Williams, „Silence: The History Behind Martin Scorsese’s New Film“, *History Extra*, janúar 2017, sótt 11. apríl 2019 af <https://www.historyextra.com/period/silence-the-history-behind-martin-scorseses-new-film/>.

<sup>24</sup> John Nelson, „Myths, Missions, and Mistrust: The Fate of Christianity in 16th and 17th Century Japan“, *History and Anthropology*, 13/2002, bls. 93–111, hér 93–94.

<sup>25</sup> Mark Williams, „Silence: The History Behind Martin Scorsese’s New Film“.

ég um daga en þú svarar ekki, um nætur en ég finn enga fró.“ Auk Sálmannanna má benda á Jobsbók og Harmljóðin þar sem glíman við þjáninguna er meginstef.

Glíman við þjáninguna hefur á sér tvær hliðar, annars vegar trúarheimspekilega og hins vegar tilvistarlega. Hin trúarheimspekilega glíma snýst um hvernig það samræmist heilbrigðri skynsemi að trúa á tilvist Guðs, sem á að vera góður og réttlátur, þegar veröldin er full af ranglæti, þjáningu og kvöl. Með öðrum orðum: Hvernig getur Guð, sem skapaði heiminn góðan, látið svona mikið bölg, þjáningu og illsku, sem raun ber vitni, viðgangast í veröldinni? Er Guð yfirhöfuð til? Reyndin er sú að veruleiki hins illa er gjarnan notaður sem rök gegn tilvist Guðs. Að sama skapi er það oft veigamikill þáttur trúvarnar að svara því hvers vegna almáttugur og algóður Guð leyfir hinu illa að viðgangast.<sup>26</sup> Tilvistarleg glíma andspænis bölg og þjáningu sprettur aftur á móti upp af persónulegri reynslu trúaðs einstaklings og þeirri spurningu hvers vegna Guð svarar ekki neyðarhrópi hans, hvers vegna hann grípur ekki inn í og leysir viðkomandi úr óbærilegum aðstæðum. Spurningar á borð við: Hvers vegna ég? Hefur Guð yfirgefið mig? Hvers vegna svarar hann ekki bænarrópum mínum? eru þá skammt undan. Í kvikmyndinni *Silence* er glíman við þjáninguna og þögn Guðs fyrst og fremst tilvistarleg. Hún minnir um margt á þá glímu sem sjá má í harmsálmum Gamla testamentisins, enda vitnað í einn þeirra í myndinni (Slm 22).<sup>27</sup>

Í sögulegu samhengi má sjá ótal dæmi um trúarheimspekilega rökræðu um gæsku Guðs eða þögn hans andspænis þjáningu og tilvist hins illa.<sup>28</sup> Hér gefst ekki færi á að rekja þau skrif. Þá eru einnig ótal dæmi um tilvistarlega glímu fólks sem lendir í hremmingum og þjáningu. Nefna má viðbrögð margra sem lentu í helförinni í síðari heimsstyrjöldinni. Þekkt dæmi eru skrif austurríska geðlæknisins Victors Frankl, en hann lifði af fangavist í útrýmingarþúðum nasista í Auschwitz á sínum tíma.<sup>29</sup> Þá eru áhugaverð í þessu sambandi skrif breska rithöfundarins og trúvarnarmannsins C.S. Lewis, en hann er einn margra sem hafa skrifað um vandamál þjáningarinnar.<sup>30</sup> Þegar hann missti konu sína glímdi hann við þá spurningu hvort fyrri hugmyndir hans og reynsla af Guði hefðu einungis verið blekking.<sup>31</sup> Fleiri dæmi mætti taka en ljóst er að ýmiss konar hremmingar og áföll í lífi fólks knýr það til að velta fyrir sér spurningum um þögn Guðs eða fjarveru eða hvort hann sé yfirleitt til.

Í kvikmyndasögunni hafa ýmsir leikstjórar unnið með tilvistarspurningar tengdar þjáningunni og hugmyndinni um fjarlægð eða þögn Guðs. Þar á meðal eru nokkrir norrænir kvikmyndaleikstjórar. Danski leikstjórinn Carl Theodor Dreyer fæst til að mynda við trúarheimspekilegar spurningar í anda Kierkegaards í myndinni *Ordet* (1955), sem hann gerði eftir samnefndu leikriti danska prestsins Kajs Munk.<sup>32</sup> Einnig má minna á mynd hans *La passion de Jeanne d'Arc* (1928), en hún greinir frá yfirheyrslunum yfir Jóhönnu af Örök og lífláti hennar, mynd sem fjallar meðal annars

<sup>26</sup> Michael Peterson, William Hasker, Bruce Reichenbach og David Basinger, *Reason and Religious Belief: An Introduction to the Philosophy of Religion*, New York og Oxford: Oxford University Press, 1991, bls. 92–116.

<sup>27</sup> Ian Deweese-Boyd, „Scorsese’s *Silence*: Film as Practical Theodicy“, *Journal of Religion and Film*, 21:2/2017, sótt 23. apríl 2019 af <https://digitalcommons.unomaha.edu/jrf/vol21/iss2/18/>.

<sup>28</sup> Michael Peterson o.fl., *Reason and Religious Belief*, bls. 92–116.

<sup>29</sup> Viktor Frankl, *Leitin að tilgangi lífsins*, Reykjavík: Háskólaútgáfan — Siðfræðistofnun, 1996.

<sup>30</sup> C.S. Lewis, *The Problem of Pain*, New York: MacMillan, 1944.

<sup>31</sup> C.S. Lewis, *A Grief Observed*, New York: Harper Collins, 1961.

<sup>32</sup> Igor Tavilla, „‘Ordet’, by Carl Theodor Dreyer a Kierkegaardian Movie?“, *European Journal of Science and Theology* 14:3/2018, bls. 13–26.

um píslarvætti. Sænski leikstjórinn Ingmar Bergman gerði þrjár myndir sem snúast sérstaklega um þögn og fjarveru Guðs, það er þríleikurinn *Såsom i en spegel* (1961), *Nattvärdsgästerna* (1962) og *Tystnaden* (1963). Í þeim segir hann þrjár ólíkar sögur af fólki sem í hversdagslegu lífi og aðstæðum lendir í kreppu og á það sameiginlegt að spyrja spurninga um tilveru Guðs, þögn hans og fjarlægð. Í myndum Bergmans verður kærleikurinn kjarnaatriði, að mati Earls Allyson P. Valdes, og svarið við spurningunni um nálægð Guðs.<sup>33</sup> Einnig má nefna danska leikstjóran Lars von Trier og myndir hans á borð við *Breaking the Waves* (1986), *Dogville* (2003) og *Antichrist* (2009). Rússneski kvikmyndaleikstjórinn Andrei Tarkovski hefur einnig fengist við svipaðar trúarheimspekilegar spurningar í myndum sínum og má í því sambandi benda á síðustu mynd hans, *Fórnina* (1986).<sup>34</sup> Þá er átakanleg glíman við þjáningu og tilgang í kvikmynd pólska kvikmyndaleikstjórans Krzysztof Kieslowski, *Trois couleurs: Bleu* (1993).<sup>35</sup> Kvikmynd Scorsese, *Silence*, fellur inn í þetta samhengi. Bent hefur verið á aðdáun hans á mörgum þessara leikstjóra.<sup>36</sup> Það hefur því áhrif á nálgun og efnistöð hans við gerð myndarinnar. Í því sambandi er þríleikur Ingmars Bergman áhugaverður því að þar er glímt við hliðstæðar tilvistarspurningar og í *Silence*, þ.e. spurningar um þögn Guðs og fjarlægð þegar kreppir að, þótt söguviðið sé gerólíkt.

### Nálgunin í *Silence*

Í *Silence* tekst Scorsese á við ótal spurningar sem tengjast eðli trúarinnar. Myndin er því, eins og fleiri mynda hans, könnun á því hvað það merkir að trúa. Um er að ræða spurningar á borð við: Hvað felur það í sér að helga sig algjörlega trú sinni? Hvað getur gerst þegar reynir á styrk trúarinnar umfram allt sem hægt er að ímynda sér? Hve mikla þjáningu er unnt að þola áður en einstaklingurinn brotnar saman og afneitar því sem honum er mikilvægast? Hvernig er unnt að bregðast við þegar gjaldið sem greiða þarf fyrir að halda trúnni eru pyndingar og dauði saklauss fólks? Getur það verið siðferðilega rétt — og jafnvel kristilegt — að afneita trúnni á Guð við slíkar aðstæður? Getur Guð fyrirgefið þegar einstaklingur gefst upp andspænis óbærilegri þjáningu?<sup>37</sup> Þannig mætti áfram telja. Undirliggjandi eru spurningar sögupersónunnar Rodrigues í myndinni: Hvers vegna þurfa þau að þjást svona mikið? Hvers vegna leggur Guð svona miklar byrðar á þau? Hvað felst í því að líkja eftir Kristi í lífi sínu? Samhliða þessu eru einnig spurningar sem tengjast píslarvætti. Við þessar aðstæður er aldagamall hugmynd um að píslarvættisdauði sé hetjudauði

<sup>33</sup> Earl Allyson P. Valdes, „Silence as the Space for Love: Bergman’s Trilogy and the Absence of God“, *Cinema: Journal of Philosophy and the Moving Image* 4/2013, bls. 81–96.

<sup>34</sup> Gunnar J. Gunnarsson, „In Hope and Faith: Religious Motives in Tarkovsky’s The Sacrifice“, *Through the Mirror: Reflections on the Films of Andrei Tarkovsky*, ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson, Þorkell Á. Óttarsson, Cambridge: Cambridge Scholar Publishing, 2006, bls. 238–260. (Sjá einnig fleiri greinar í bókinni.)

<sup>35</sup> Gunnar J. Gunnarsson, „Frelsi og kærleikur í kvikmyndinni Þrjú litir: Blár“, *Guð á hvíta tjaldinu: Trúar- og biblíustef í kvikmyndum*, ritstj. Bjarni Randver Sigurvinsson, Gunnlaugur A. Jónsson, Þorkell Á. Óttarsson, Reykjavík: Háskóla-útgáfan, 2001, bls. 243–258.

<sup>36</sup> Thomas Elsaesser, „Cinephilia: The Uses of Disenchantment“, *Cinephilia: Movies, Love and Memory*, ritstj. Marijke de Valk og Malte Hagener, Amsterdam: Amsterdam University Press, 2005, bls. 27–44, hér 30.

<sup>37</sup> Matt Zoller Seitz, „Silence“, *RogerEbert.com*, 23. desember 1916, sótt 29. apríl 2019 af <https://www.rogerebert.com/reviews/silence-2016>.



ógnað, einkum þegar pyndingunum og þjáningunum er beint að öðrum en einstaklingnum sjálfum og hann getur ekkert gert til að bjarga þeim.<sup>38</sup>

Segja má að *Silence* endurspegli glímu trúarinnar í heimi sem er mótaður af þjáningu og þögn Guðs. Sjá má ótal dæmi um þessi glímu í myndinni sem áhugavert er að skoða. Þau birtast oft sem hugrenningar Rodrigues í kjölfar reynslu hans af að horfa á aðra þjást og deyja vegna trúar sinnar. Hér er valin sú leið að skoða sérstaklega þessar hugrenningar hans og viðbrögð í ólíkum aðstæðum með það fyrir augum að svara þeim spurningum sem lagt er upp með. Leitast verður við að fylgja atburðarás myndarinnar til að halda innbyrðis samhengi þeirra.

Fyrsta dæmið segir frá því þegar Rodrigues og Garupe hafa orðið vitni að því að kristið fólk er neytt til að afneita trú sinni með því að traðka á mynd af Kristi. Þá heyrir Rodrigues segja:

„Þetta fólk sýnir þá mestu hollustu sem hugsast getur ... Ég jata að ég undrast. Guð sendir okkur prófraunir til að reyna okkur, og allt sem hann gerir er gott ... En hvers vegna þurfa prófraunir sem lagðar eru fyrir það að vera svona hræðilegar? Og hvers vegna eru svörin sem ég gef því svona vanmáttug, þegar ég lít í eigin barm?“<sup>39</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Áhugavert er að við þessar aðstæður eru prestarnir tveir ekki sammála um hvort það sé í lagi að traðka á Kristsmýndinni. Rodrigues telur svo vera en Garupe hafnar því. Hér er á ferðinni guðfræðileg klípa þess efnis hvort það sé ásættanlegt að afneita Guði í orði kveðnu til að bjarga sér. Ennfremur er spurningin um hvort Kristur fyrirgefi að trúnni sé afneitað, til að binda enda á þjáningar einhvers, mjög krefjandi.<sup>40</sup> Scorsese virðist töluvert upptekinn af þeirri spurningu, enda tengist hún vangaveltum um eðli og merkingu trúarinnar.

Næsta dæmi segir frá því þegar Garupe og Rodrigues verða vitni að því að þegar þrír kristnir þorpsbúar eru krossfestir við ströndina. Þá heyrir Rodrigues segja:

„Þú getur sagt að dauði þeirra hafi ekki verið tilgangslaus. Vissulega heyrði Guð bænir þeirra þegar þeir dóu, en heyrði hann öskur þeirra? Hvernig get ég útskýrt þögn Guðs fyrir fólki sem hefur þurft að þola svona mikið? Ég þarf á öllum mínum mætti að halda til að skilja þetta sjálfur.“<sup>41</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Hér er á ferðinni áhrifarík og mikilvæg sena í myndinni. Allir þrír höfðu þeir traðkað á Kristsmýnd, en þeir gátu ekki hugsað sér að hrækja á róðukross, það gerði eingöngu sá fjórði, Kichijiro, sem slapp vegna þess. Samtöl fyrir atburðinn eru umhugsunarverð þar sem þau vísa einmitt til spurningarinnar: Hvað er trú? Einn þeirra, Mokichi, gefur Rodrigues kross sem hann á. Rodrigues segir: „Trú þín gefur mér styrk.“ Mokichi svarar: „Kærleikur minn til Guðs er sterkur. Getur það verið það sama og trú?“<sup>42</sup> Síðan má heyra hugleiðingar Rodrigues: „Ég bað að þeir minntust þjáningar Drottins og finndu á þann hátt hugrekki og huggun.“<sup>43</sup> Margt í senunni á sér hliðstæður við krossfestingarfrásögn guðspjallanna. Á krossunum er Japönunum gefið saki sem minnir á edikið sem hermennirnir gáfu Jesú á krossinum. Á dauðastundinni hrópar einn þeirra, Jiusama: „Paradiso“, þegar hann gefur upp öndina. Þegar Mokichi, sem hangir á krossinum við hlið hans, sér það hrópar hann:

<sup>38</sup> Pierre J. Jordan, „Seeds of the Church? *Silence* and the Relevance of 2 Maccabees 6:18–7:42“, *Journal of Early Christian History*, 8:1/2018, bls. 3–21.

<sup>39</sup> *Silence* 2016, 0:51.

<sup>40</sup> Pierre J. Jordan, „Seeds of the Church? *Silence* and the Relevance of 2 Maccabees 6:18–7:42“, bls. 6.

<sup>41</sup> *Silence* 2016, 1:01.

<sup>42</sup> *Silence* 2016, 0:50.

<sup>43</sup> *Silence* 2016, 0:55.

„Guð, taktu við anda Jiisama. Þjáningu Jiisama er lokið. Taktu við honum, Drottinn í dýrð þinni. Drottinn Jesús.“<sup>44</sup> Það tók Mokichi síðan fjóra daga að deyja og að lokum heyrir hann syngja sálm á krossinum. Scorsese nýtir sér til hlítar lýsingar guðspjallanna og hefðbundnar sviðsetningar á krossfestingu Krists í myndrænni framsetningu sinni. Krossarnir eru þrír, greina má enduróm frá samtali Jesú og annars ræningjans sem krossfestur var með honum (Lúk 23.42–43), þau sem eru saman komin til að fylgjast með standa þögul á lengdar og prestarnir tveir horfa á í felum. Með þessu móti setur Scorsese þjáningu Krists í brennidepil og spurninguna um merkingu hennar í aðstæðum hinna ofsóttu kristnu Japana.

Eftir aftökurnar á ströndinni skilja leiðir þeirra Rodrigues og Garupe og fylgir myndin Rodrigues eftir.

Hann glímir við afleiðingarnar af því sem hann sá:

„Ég finn að mín er freistað. Ég finn að mín er freistað til að örvænta. Ég er hræddur. Þungi þagnar þinnar er hræðilegur. Ég bið, en ég er glataður. Eða bið ég ekki til neins? Ekki til neins vegna þess að þú ert ekki þarna?“<sup>45</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Örvænting Rodrigues er afhjúpuð. Hann getur ekki útskýrt þögn Guðs fyrir þeim sem þjást. Hann efast sjálfur um nálægð og tilvist Guðs og skilur ekki hvers vegna Guð svarar ekki bænum þeirra sem trúu. Hér sést vel að glíman er af tilvistarlegum toga. Reynslan af fjarveru Guðs í erfiðum aðstæðum leiðir af sér þá tilfinningu að lífið hafi glatað merkingu. Scorsese er oft í myndum sínum upptekinn af spurningum um merkingu og tilgang lífsins, hvernig fólk á að lifa lífi sínu. Hann er jafnframt þeirrar skoðunar að enginn finni í rauninni endanlegt svar við því hver merkingin er, það sé ævilangt viðfangsefni.<sup>46</sup> Óhætt er að líta á *Silence* sem innlegg í umræðuna um þetta, þar sem Rodrigues er stöðugt að glíma við merkingu trúar sinnar og lífs í þeim aðstæðum sem hann mætir.

### Samsömunin við Krist

Tilvistarkreppa Rodrigues fer vaxandi eftir því sem líður á myndina, ekki síst þegar hann þarf að horfa upp á fimm kristna menn pyntaða og honum er gerð grein fyrir því að hið eina sem getur bjargað þeim er að hann afneiti trúnni með því að traðka á mynd af Kristi. Landstjórinn í Chikugo áréttar þetta: „Gjaldið fyrir þína dýrð er þeirra þjáning.“ Með þessu er ýjað að því að afstaða Rodrigues mótist af hroka eða yfirlæti. Hann þurfi að gæta stöðu sinnar og hlutverks sem prestur. Aðrir geta afneitað trúnni, en ekki hann. Sömmuleiðis glímir hann við spurninguna um með hvaða hætti hann getur líkt eftir Kristi. Staða hans er því býsna þversagnakennd og í framsetningu myndarinnar sést vel hvernig hroki hans og hugmyndir um hvernig líkja megi eftir Kristi brotna smám saman niður. Alissa Wilkinson hefur, í umfjöllun sinni um skáldsögu Endos, sett fram þá skoðun að hann sem höfundur horfi gjarnan á þverstæðurnar í lífinu í ljósi lífs og þjáningar Jesú Krists og hugsunarinnar um að líkja eftir Kristi.<sup>47</sup> Í samræmi við það hefur því verið haldið fram að myndin

<sup>44</sup> *Silence* 2016, 0:56–0:57.

<sup>45</sup> *Silence* 2016, 1:05–1:06.

<sup>46</sup> Christopher Hooton, „Martin Scorsese Doesn’t Have the Answer to Life’s Meaning, but He Needed to Ask the Question“.

<sup>47</sup> Alissa Wilkinson, „Silence is Beautiful, Unsettling, and One of the Finest Religious Movies Ever Made“, bls. 4.

*Silence* verði ekki skilin til fulls nema með því að átta sig á því hvernig Rodrigues áttar sig smám saman á því hvað það felur í sér að samsama sig Kristi og þjáningu hans.<sup>48</sup>

Í því sambandi er vísað í *Andlegar æfingar* eftir Ignatius Loyola (1491–1556), upphafsmann jesúitahreyfingarinnar. Þessar andlegu æfingar hafa gegnt lykilhlutverki í þjálfun og andlegri iðkun þeirra sem tilheyra hreyfingunni. Í skáldsögu Endos og í kvikmynd Scorseses eru bæði Rodrigues og Garupe jesúítar. Sem slíkir hefðu þeir gengið í gegnum fjögurra vikna andlegar íhuganir sem fólgnar eru í þessum andlegu æfingum, bæði á reynslutíma þeirra í reglunni og áður en þeir gáfu heit sín. Iðkun þessara andlegu æfinga hefði því mótað allt viðhorf þeirra til lífsins og skilning á verkefni sínu sem prestar og trúboðar. Handrit þeirra Scorseses og Cocks ber vott um djúpa vitund um þetta, meðal annars með því að vitna beint í *Andlegar æfingar* á nokkrum mikilvægum stöðum, en einnig í því hvernig kvikmyndin sýnir handbragð þess sem þekkir þessar andlegu æfingar, bæði í kvikmyndatökunni og í hugsunum og bænum Rodrigues.<sup>49</sup> Kaþólskur bakgrunnur leikstjórans hefur hér augljóslega áhrif á framsetninguna enda réð hann kaþólskan prest, föður James Martin, sem sérstakan ráðgjafi við gerð myndarinnar.<sup>50</sup> Áherslan á andlegar æfingar jesúítanna birtist einnig í því að Andrew Garfield sökkti sér ofan í rit jesúíta eftir að hann var ráðinn til að leika Rodrigues. Þeir Adam Driver voru síðan sendir í búðir jesúíta í Wales þar sem Garfield lauk við að fara í gegnum hinar krefjandi *Andlegu æfingar* Ignatiusar Loyola, rétt eins og hann væri að búa sig undir að verða jesúíti.<sup>51</sup>

Þetta rit Loyola felur í sér leiðbeiningar um andlegar æfingar sem standa af hugleiðslu og bænum. Þær fela í sér ítarlega íhugun á lífi og starfi Jesú Krists, eins og því er lýst í guðspjöllunum, frásögn eftir frásögn, með það að markmiði að lifa sig algjörlega inn í sögur guðspjallanna með öllum skilningarvitum. Æfingunum er ætlað að hjálpa fólki að dýpka tengsl sín við Guð og uppgötva hvernig það getur best þjónað Guði og endurspeglað ímynd Krists með lífi sínu.<sup>52</sup>

Þessi bakgrunnur er mikilvægur fyrir guðfræðilega túlkun á kvikmynd Scorseses. Í henni er smám saman dregið fram hvernig Rodrigues samsamar sig Kristi og þjáningu hans. Hann túlkar reynslu sína stöðugt í ljósi lífs Jesú Krists, einkum þjáningar hans. Gott dæmi um þetta eru viðbrögð hans við því þegar þorpsbúarnir þrír höfðu verið krossfestir á ströndinni og hann og Garupe flýja að næturlagi á bát. Rodrigues stingur hendinni í vatnið og sýgur salta dropana af fingrum sér um leið og hann talar við Guð: „Ég ímynda mér son þinn á krossinum — munnur minn finnur bragð af ediki.“<sup>53</sup> Hér er jafnframt á ferðinni tilvísun í fyrsta hluta *Andlegra æfinga*, þar sem athyglinni er beint að því að hugleiða lífið í ljósi kærleika Guðs og hvernig misgjörðir standa í vegi fyrir því að hann nái fram að ganga. Guð vill frelsa mennina frá öllu sem kemur í veg fyrir kærleiksrik viðbrögð þeirra gagnvart honum og því

<sup>48</sup> Ian Dewese-Boyd, „Scorsese’s Silence: Film as Practical Theodicy“, bls. 16.

<sup>49</sup> Sama rit, bls. 16–21.

<sup>50</sup> Stephen Galloway, „Martin Scorsese’s Journey From Near-Death Drug Addict to ‘Silence’“, bls. 9.

<sup>51</sup> Sama rit, bls. 10.

<sup>52</sup> „The Spiritual Exercises“, *Ignatian Spirituality*, án árs, sótt 2. maí 2019 af <https://jesuits.org/spirituality?PAGE=DTN-20130520125429>.

<sup>53</sup> *Silence* 2016, 1:02–1:03.

endar fyrsti hluti andlegu æfinganna á hugleiðslu um kall Krists um að fylgja honum.<sup>54</sup> Og rétt eins og þessi fyrsti hluti æfinganna hvetur iðkendur til að íhuga misgjörðir sínar fer Rodrigues í framhaldinu að glíma við verkefnið sitt: „Faðir á himnum, lofað sé nafn þitt. Ég er bara útlendingur sem færði þeim hörmungar. Þannig hugsa þau um mig núna.“<sup>55</sup> Myndmálið talar líka sínu máli þar sem hann er í bát út á sjó umlukinn þoku. Skömmu síðar sjáum við hann á gangi í gengum eyðilagt og yfirgefið þorp, þar sem íbúarnir höfðu skömmu áður tekið á móti fagnaðar-erindinu og sakramentunum. Hann hallar sér að einu húsanna og við heyrum hann segja: „Hvað hef ég gert fyrir Krist. Hvað er ég að gera fyrir Krist? Hvað vil ég gera fyrir Krist?“<sup>56</sup> Rodrigues skynjar hrylling þess að vera boðberi hörmunganna og í beinu framhaldi kemur bæn hans: „Þungi þagnar þinnar er hræðilegur...“<sup>57</sup>

Í framhaldinu verða áhrifin frá *Andlegum æfingum* æ ljósari í því hvernig Scorsese vísar beint og óbeint til guðspjallanna og Rodrigues þarf smám saman að endurskoða hvað samsömunin við þjáningu Krists felur í sér. Þegar leiðir hans og Kichijiros liggja aftur saman varar Kichijiro hann við og segir honum það hafi verið settir 300 silfurpeningar til höfuðs honum. Rodrigues bregst við með því að segja: „Þrjú hundruð — Júdas fékk aðeins þrjátíu.“<sup>58</sup> Samtal þeirra heldur áfram og Kichijiro játar veikleika sinn og Rodrigues býður honum að skrifa. Um leið heyrast á víxl hugleiðingar hans og játningar Kichijiros þar sem hann vitnar í Jóh 13.27:

„Það sem þú gerir, það ger þú skjótt, — þetta voru orð sonar þíns við Júdas við síðustu kvöldmáltíðina. Var hann reiður þegar hann sagði þetta? Eða voru þessi orð sögð í kærleika?“<sup>59</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Með því að flétta saman samtali þeirra Kichijiros og innri hugsunum Rodrigues tekst Scorsese að draga fram hvernig Rodrigues lifir sig inn í aðstæður sínar og túlkar þær í ljósi guðspjallanna. Samtalið verður þannig ekki bara samtal Rodrigues og Kichijiros heldur endurómar það samtal Jesú og Júdasar við síðustu kvöldmáltíðina. Um leið er það sem í vendum er gefið í skyn.

Næsta dag halda þeir áfram för sinni. Rodrigues verður skyndilega máttvana af þorsta og Kichijiro vísar honum á læk til að drekka úr. Á meðan fer Kichijiro og lætur yfirvöld vita af Rodrigues og er hann handtekinn. Við sjáum silfurpeningunum fleygt til Kichijiros um leið og hann hrópar til Rodrigues á fyrirgefningu og spyr hvort Guð geti fyrirgefið, jafnvel sér.

Í senunni við lækinn notar Scorsese kvikmyndateknina til að myndgera samsömun Rodrigues við Krist. Þegar hann hallar sér yfir lækinn til að fá sér að drekka sér hann spegilmynd sína í læknum umbreyttast stundarkorn í þyrnikrýndan Krist.<sup>60</sup> Hann verður því að horfast í augu við sjálfan sig um leið og hann horfist andartak í augu við hinn þjáða Krist. Sú framsetning er í samhljómi við áherslurnar í *Andlegum æfingum*. Með þessu áréttar Scorsese að samsömun Rodrigues við Krist er lykilatriði

<sup>54</sup> „The Spiritual Exercises“. Sjá einnig Ian Deweese-Boyd, „Scorsese’s Silence: Film as Practical Theodicy“, bls. 16–21.

<sup>55</sup> *Silence* 2016, 1:03.

<sup>56</sup> *Silence* 2016, 1:04.

<sup>57</sup> *Silence* 2016, 1:05.

<sup>58</sup> *Silence* 2016, 1:07.

<sup>59</sup> *Silence* 2016, 1:09.

<sup>60</sup> *Silence* 2016, 1:11–1:12.

í því að skilja hvernig hann glímir við guðlega fjarveru og þögn.<sup>61</sup> Hann setur jafnframt eina af grundvallarspurningunum sem fengist er við í myndinni í brennidepil, þ.e. hvað felst í því að líkja eftir Kristi, að samsama sig honum.

Eftir handtökuna þarf Rodrigues að þola margs konar raunir og andlegar pyndingar. Garupe hafði einnig verið handtekinn og japönsk yfirvöld leiða þá saman á ný með þeim hætti að láta Rodrigues horfa upp á Garupe verða vitni að því þegar kristnu fólki er drekkt við ströndina. Rodrigues reynir að hvetja Garupe til að afneita trúnni en hann heyrir ekki í honum og Garupe drukkna við að leitast við að bjarga fólkinu. Hér birtist enn sú hugsun Rodrigues að aðrir geti afneitað Kristi til að bjarga sér án þess að sú krafa eigi við hann sjálfan. Hann ýtir jafnframt til hliðar hugsuninni um píslarvættisdauða, fyrir hönd Garupe, en í framhaldinu gefur hann hana ekki upp á bátinn fyrir sjálfan sig. Til að árétta það notar Scorsese myndræna framsetningu sem vísar til innreiðar Jesú í Jerúsalem og þjáningargöngu hans að Golgata. Þegar Rodrigues er færður í fangelsi ásamt fimm kristnum Japönnum sjáum við hann á asna. Í bakgrunni heyrast hróp og hávaði og grjóti er kastað að honum. Kichijiro stendur á lengdar í mannfjöldanum. Á meðan heyrast hugleiðingar hans um píslarvættið:

„Ég hélt að píslarvætti yrði frelsun mín. Ég bið Guð, bið: Ekki láta mig verða til skammar. Drottinn er athvarf mitt og frelsari.“<sup>62</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Í framhaldinu vitnar hann síðan í *Andlegar æfingar* Ignatiusar Loyola um að blóð hins ódauðlega konungs, sem úthellt var til endurlausnar heimsins, sé öllu öðru dýrmætara. Hann virðist sjá fyrir sér að hann muni líða píslarvætti. Með nálgun sinni setur Scorsese spurningarmerki við hugmyndina um hetjulegan píslarvættisdauða. Pierre J. Jordan bendir á að í *Silence* hafi Scorsese sagt sögu sem er í andstöðu við hefðbundna kenningu kirkjunnar um píslarvættisdauða.<sup>63</sup>

Í fangelsinu virðist Rodrigues enn reikna með því að píslarvættisdauði hans sé skammt undan. Hann samsamar sig lífi Krists og sér fyrir sér að fylgja honum alla leið í dauðann. Hann heyrir segja:

„Ég sé líf sonar þíns svo skýrt, nánast eins og mitt eigið, og andlit hans tekur frá mér allan ótta. Andlitið, sem ég man eftir allt frá barnæsku, talar til mín, ég er viss um það, og lofar mér: Ég mun ekki yfirgefa þig, ég mun ekki yfirgefa þig.“<sup>64</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Píslarvættisdauði stendur Rodrigues aftur á móti ekki til boða. Í fangavistinni er hann látinn horfa upp á pyndingar á kristnum Japönunum sem taka á af lífi á kvalarfullan hátt. Það er fyrst og fremst gert til að fá hann til að afneita trúnni. Það er greinilegt að Rodrigues er bæði örvæntingarfullur og þjáður. Við sjáum hann í fangaklefa sínum um nótt meðan hátíð til minningar um hina dauðu er haldin í bakgrunni. Scorsese myndgerir fangavistina með því að setja Rodrigues í nokkurs konar rimlahús þannig að það er eins og hann sé í búi. Allir geta horft á hann um leið og hann sér það sem fram fer fyrir utan. Með því móti er barátta hans afhjúpuð. Í sálarnauð sinni vitnar hann í upphafið á Sálmi 22, sem Jesús fór með á krossinum:

<sup>61</sup> Ian Dewese-Boyd, „Scorsese’s Silence: Film as Practical Theodicy“, bls. 3.

<sup>62</sup> *Silence* 2016, 1:22.

<sup>63</sup> Pierre J. Jordan, „Seeds of the Church? *Silence* and the Relevance of 2 Maccabees 6:18–7:42“, bls. 19.

<sup>64</sup> *Silence* 2016, 1:24.

„Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?“ Þetta er sonur þinn. Sonur þinn á krossinum ... Þú varst þögull. Jafnvel gagnvart honum. Þögull. Kaldur. Þögull ... Nei, nei, fáránlegt, fáránlegt. Heimskulegt, heimskulegt.“<sup>65</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Við þetta eiga sér stað þáttaskil í því hvernig Rodrigues samsamar sig Kristi. Hann uppgötvar þarna að Jesús þurfti að þola þögn og fjarveru Guðs og í huga hans er það algjörlega fráleitt. Hvernig gat Guð verið hulinn syni sínum? Ian Deweese-Boyd bendir á að hér megi sjá tengingu við *Andlegar afningar* Ignatiusar Loyola. Það sé hér sem Rodrigues skilji loks til hlítar þjáningar Krists. Hann á þess kost að standa með Kristi þegar honum finnst að Guð hafi yfirgefið hann og öðlast við það sannan skilning á kærleika Krists. Þegar hann horfir til baka til þessarar stundar samsamar hann sig Kristi í Getsemanegarðinum þegar hann bað um að kaleikur þjáningarinnar yrði tekinn frá honum.<sup>66</sup> Kaþólskur bakgrunnur Scorseses og áhersla hans á að nota *Andlegar afningar* til að túlka glímu Rodrigues kemur hér berlega í ljós. Um leið og Rodrigues skilur að píslarvættisdauði stendur honum ekki til boða öðlast hann dýpri skilning á því hvað það felur í sér að líkja eftir Kristi.

### Afneitunin

Myndin nær hámarki í lokaglímu Rodrigues. Angist hans fer stöðugt vaxandi þegar hann horfir upp á pyndingar og þjáningu kristnu Japananna um leið og hann er hvattur til að afneita trúnni. Einn fangavarðanna segir við hann með milligöngu túlks: „Ef þú værir sannur kristinn maður myndir þú afneita trúnni svo að þau deyi ekki.“<sup>67</sup> Annars staðar segir fangavörðurinn: „Þetta er bara formsatriði, aðeins formsatriði.“<sup>68</sup> Við nokkurs konar yfirheyrslu er Rodrigues sagt að afneitun nokkurra bænda skipti litlu máli. Yfirvöldin vilji aðallega fá prestana til að afneita trú sinni svo að þeir verði fyrirmynd annarra í þeim efnum. Hann er jafnframt hvattur til að hugsa um allar þær þjáningar sem hann hafi valdið fólki með eigingjörnum draumum sínum um kristið Japan. Þar að auki er honum greint frá því að gamli lærifaðir hans, Ferreira, hafi afneitað trúnni. Hér tekst Scorsese á við eina af mörgum grundvallarspurningum myndarinnar. Hvernig er unnt að bregðast við þegar gjaldið sem greiða þarf fyrir að halda trúnni eru pyndingar og dauði saklauss fólks? Hann er einnig að glíma við spurningar tengdar misheppnuðu trúboði kaþólsku kirkjunnar og tengslum þess við nýlendustefnu Evrópumanna. Um leið og hann tekst á við þessar spurningar forðast hann að gefa endanleg svör. Í framsetningu sinni dregur hann ennfremur fram að enginn er fullkominn. Honum tekst að vekja skilning og samúð með persónum myndarinnar og aðstæðum þeirra. Í lokakafla myndarinnar er það áréttað vel.

Þegar Ferreira er loks leiddur til fundar við hann segir hann honum frá eigin afneitun og hvetur hann til að gera hið sama. Samtal þeirra er athyglisvert. Ferreira talar um að Rodrigues samsami sig Jesú í Getsemane í þjáningu sinni: „Þú sérð Jesú í Getsemane og trúir því að reynsla þín sé sú sama og hans.“<sup>69</sup> Hann beinir síðan athyglinni að þeim fimm sem þjást fyrir utan fangelsið og bendir á að þau þjáist

<sup>65</sup> *Silence* 2016, 1:55.

<sup>66</sup> Ian Deweese-Boyd, „Scorsese’s Silence: Film as Practical Theodicy“, bls. 22–23.

<sup>67</sup> *Silence* 2016, 1:50.

<sup>68</sup> *Silence* 2016, 2:16.

<sup>69</sup> *Silence* 2016, 2:14.

alveg eins og Jesús en myndu aldrei bera sig saman við hann. Ferreira spyr jafnframt hvaða rétt hann hafi til að láta þau þjást og hvað hann vilji gera fyrir þau. Það að biðja fyrir þeim auki aðeins kvöl þeirra. Það sé eingöngu hann sem geti bundið enda á þjáningu þeirra, ekki Guð: „Þú getur bjargað þeim. Þau hrópa á hjálp alveg eins og þú hrópar til Guðs. Hann er þögull en þú þarft ekki að vera það.“<sup>70</sup> Rodrigues maldar í móinn og segir að þau hefðu átt að afneita trúnni. Ferreira bendir honum þá á að þau hafi gert það mörgum sinnum. Þau séu pyntuð hans vegna og meðan hann afneiti ekki trúnni verði þeim ekki bjargað. Síðan bætir hann við:

„Prestur á að bregðast við eins og Kristur. Ef Kristur væri hér ... ef Kristur væri hér hefði hann brugðist við. Hann hefði afneitað þeirra vegna.“

Rodrigues svarar honum og segir:

„Nei, nei, hann er hér. Kristur er hér ... ég heyrir bara ekki í honum.“

Ferreira heldur áfram:

„Sýndu Guði að þú elskar hann. Bjargaðu lífi þessa fólks sem hann elskar. Sumt er mikilvægara en dómur kirkjunnar. Þú ert að fara að framkvæma þjáningarfyllsta kærleiksverkið sem nokkurn tíma hefur verið gert.“<sup>71</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Scorsese setur hér samsömunina við Krist í brennidepil og hvað hún merkir. Hún felur miklu meira í sér en að fórna lífi sínu í píslarvættisdauða, hún felur í sér að fórna trúarlegri sjálfsvitund sinni.

Á endanum getur Rodrigues ekki lengur afborið þjáningar trústykkinna sinna. Hann stendur frammi fyrir myndinni af Kristi (*fumie*) og horfir á óhreint andlit hans vegna allra þeirra sem höfðu trampað á því til að sýna að þeir afneituðu honum. Þá heyrir hann rödd:

„Svona nú. Þetta er allt í lagi. Trampaðu á mér. Ég skil þjáningu þína. Ég fæddist í þennan heim til að eiga hlutdeild í þjáningum manna. Ég bar krossinn vegna þjáningar þinnar. Líf þitt er í mínum höndum. Trampaðu.“<sup>72</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Þögnin í senunni þegar Rodrigues stígur á myndina af Kristi er áhrifarík. Í bakgrunni heyrir hani gala. Rodrigues brotnar saman og fellur á jörðina algjörlega niðurlægður. Hér tekst Scorsese að draga fram þverstæðuna milli afneitunarinnar, með því að vísa í afneitun Péturs með hanagalínu, og endanlegrar samsömunar við Krist, sem „svipti sig öllu, tók á sig þjóns mynd og varð mönnum líkur“, svo að vísað sé í Filippibréfið (2.7). Ian Deweese-Boyd heldur því fram að í senunni blasi sú þverstæða við að afneitun þess sem Rodrigues taldi vera undirstöðu og kjarna merkingar lífs síns færir hann dýpra en nokkru sinni inn í miskunnarríkan faðm Krists.<sup>73</sup> Þetta er í samhljómi við það sem Scorsese hefur sagt í viðtali um myndina: „Þegar Rodrigues ákveður að afneita trú sinni, afneitar hann sannleikanum til þess að öðlast að lokum hinn raunverulega sannleika kristinnar trúar. Það er hann sem hann finnur og það er mjög fallett.“<sup>74</sup> Kjarni máls í afneitunarsenunni verður þannig spurningin um eðli trúarinnar, ekki sem hugmynd, heldur hvernig einstaklingur getur lifað samkvæmt trú sinni með því að auðsýna samúð og kærleika.<sup>75</sup>

<sup>70</sup> *Silence* 2016, 2:14.

<sup>71</sup> *Silence* 2016, 2:15

<sup>72</sup> *Silence* 2016, 2:18

<sup>73</sup> Ian Deweese-Boyd, „Scorsese’s *Silence*: Film as Practical Theodicy“, bls. 24.

<sup>74</sup> Nick Pinkerton, „You Talkin’ to Me“, bls. 4.

<sup>75</sup> Gueric DeBona, „No Way Out: Martin Scorsese and the Ecclesial Imaginatio“, bls. 36.

Eftir að hafa afneitað trúnni telur Rodrigues sig ekki geta veitt sakramentið framar. Þegar Kichijiro kemur til hans nokkrum árum síðar og biður um að fá að skrifa vegna allra svikanna færist hann undan í fyrstu, enda getur hann ekki látið það vitnast að hann sé enn trúaður og vinni sem prestur. Bæn Rodrigues í þessu sambandi er athyglisverð og varpar ljósi á reynsluna af þögn Guðs í óbærilegum aðstæðum:

„Drottinn, ég barðist við þögn þína.“

Jesús svarar:

„Ég þjáðist við hlið þér. Ég var aldrei þögull.“

Rodrigues heldur áfram:

„Ég veit ... en jafnvel þótt Guð hafi verið þögull í lífi mínu ... allt til þessa dags ... talar allt sem ég geri ... allt sem ég hef gert ... um hann. Það var í þögninni sem ég heyrði rödd þína.“<sup>76</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Ian Dewese-Boyd bendir á að hér birtist ákveðin þverstæða í skiptunum milli annarrar og þriðju persónu. Guð, sem talað er um í þriðju persónu, heldur áfram að vera fjarlægur, en Jesús er hins vegar ávarpaður á náinn hátt í annarri persónu. Rodrigues heyrir rödd Jesú og gengur inn í þjáningu hans og útleið. Líkt og líf Jesú, verður líf hans ímynd kærleika Guðs. Þrátt fyrir það varir enn tilfinningin fyrir því að Guð sé áfram þögull.<sup>77</sup>

## Eftirmáli

Eftir afneitunina tekur Rodrigues upp svipaða lifanarhætti og Ferreira. Landstjórinn gefur honum nýtt nafn, Okada San'emon, og finnur jafnframt handa honum konu, ekkju sem á einn son. Hinn breyski Kichijiro verður þjónn á heimili þeirra. Landstjórinn segir honum jafnframt að margir bændur í þorpunum telji sig enn kristna en þeir megi vera það því að ræturnar hafi nú verið skornar og sú kristni sem þeir, prestarnir, höfðu fært þeim sé bæði umbreytt og undarleg.

Síðasti hluti myndarinnar er nokkurs konar eftirmáli þar sem hollenskur skipstjóri og verslunarmaður rekur sögu Rodrigues til enda. Hollendingar voru einu Vesturlandabúarnir sem fengu að stunda viðskipti við Japana á þessum tíma. Hann segir frá því hvernig hann kynntist lífi og aðstæðum „glötuðu prestanna“. Landstjórinn lét leita í skipum og víðar að öllu sem hafði að geyma einhver tengsl við kristni. Ferreira og Rodrigues voru síðan látnir dæma um hvort hlutir báru einhver kristin tákni eða merki. Eitt samtalsbrot þeirra Ferreira og Rodrigues er áhugavert í þessu sambandi. Ferreira segir:

„Okkur var kennt að elska þá sem fyrir líta okkur.“

Rodrigues svarar:

„Ég finn engar tilfinningar gagnvart þeim.“

<sup>76</sup> *Silence* 2016, 2:27–28.

<sup>77</sup> Ian Dewese-Boyd, „Scorsese’s *Silence*: Film as Practical Theodicy“, bls. 25.



Ferreira svarar:

„Aðeins Drottinn okkar getur dæmt hjarta þitt.“

Rodrigues bregst við með því að segja:

„Þú sagðir „Drottinn okkar.““

Ferreira svarar þá:

„Ég efast um það.“<sup>78</sup> (Þýðing greinarhöfundar.)

Í þessu samtali sjást vísbendingar um þögula eða hulda trú „glötuðu prestanna“. Þeir hafi þrátt fyrir allt haldið trú sinni en orðið að hafa hana hulda og iðka hana í þögn.

Hollenski skipstjórinn greinir frá því að þrátt fyrir afneitun Rodrigues haldi landstjórinn áfram að fylgjast með öllum sem grunaðir eru um að vera kristnir og reglubundið sé fólk kallað til að traðka á Kristsmynd. Þeirra á meðal séu prestarnir, til að vera öðrum dæmi til eftirbreytni. Í einni slíkri könnun er þjónninn Kichijiro tekinn með kross falinn innan klæða. Í síðustu ferð sinni til Japans, árið 1682, spyr hollenski skipstjórinn um örlög Rodrigues og fær að vita að síðasti presturinn hafi aldrei játað kristna trú eftir afneitun sína, hvorki í orðum né með trúartáknum. Hann hafi hvorki talað um Guð kristninnar né beðið til hans, ekki einu sinni þegar hann dó. Skipstjórinn dregur sínar ályktanir og segir að Rodrigues hafi endað líf sitt eins og þeir vildu, það er eins og sá sem er glataður Guði. En hann bætir síðan við: „En því getur þó Guð einn svarað.“<sup>79</sup>

Lokasenan þar sem lík Rodrigues er brennt að búddískum hætti eftir andlát hans er líkast til leið Scorseses til að svara því. Um leið er enn unnið með spurninguna um eðli trúarinnar. Líkinu er komið fyrir í nokkurs konar trétunnu áður en það er brennt. Þrír verðir gæta líksins og aðeins kona hans má sjá líkið andartak til að viðhafa helgiathöfn og koma örlitlu sverði, *mamori-gatana*, fyrir í höndum hans til varnar illum öndum. Síðan er líkið brennt og linsunni er beint inn í logandi tunnuna. Við sjáum hönd Rodrigues opnast í eldinum og við blasir kross sem einn hinna kristnu Japana hafði gefið honum. Með þessu móti dregur Scorsese upp sterka tákmynd þögullar trúar hans. Ekki verður hjá því komist að setja það í samhengi við spurninguna um merkingu trúarinnar. Scorsese hefur meðal annars lýst henni sem sífældri glímu við að eiga það samband við Krist sem hverjum og einum er gefið og lifa síðan í samræmi við það í framkomu og samskiptum við annað fólk.<sup>80</sup> Í því sambandi hefur hann sett kærleika og samúð á oddinn, samanber ummæli hans um myndina *Kundun*.<sup>81</sup> Með mynd sinni *Silence* leitast hann við að koma þessu á framfæri.

<sup>78</sup> *Silence* 2016, 2:21–22.

<sup>79</sup> *Silence* 2016, 2:33.

<sup>80</sup> Glenn Whipp, „Through ‘Silence’, Martin Scorsese Examines His Own Spiritual Journey“, bls. 6.

<sup>81</sup> David Thompson og Ian Christie (ritstj.), *Scorsese on Scorsese*, bls. 224.

## Niðurstöður

Eins og fram hefur komið felur *Silence* í sér merkilega glímu við spurningar sem tengjast þjáningunni, þögn Guðs og fjarveru hans í óbærilegum aðstæðum. Í greininni hefur sú leið verið valin að skoða þá glímu öðru fremur út frá hugrenningum Rodrigues í þeim óbærilegu aðstæðum sem hann er leiddur inn í þegar hann og félagi hans halda til Japans. Glíman er fyrst og fremst tilvistarleg, þar sem Rodrigues er leiddur út á ystu nöf angistar og skilningsleysis. Minnir margt í myndinni á margt í harmsálmum Gamla testamentisins, enda vitnað í þá. Ótal spurningar vakna: Hvernig getur maður afborið grimmd og þjáningu og upplifað um leið þögn Guðs, fjarveru Guðs í þeim aðstæðum? Hvað merkir það að trúá? Hvað felur það í sér að trúfestin við eigin trúarsannfæringu geti valdið því að aðrir þjást og eru teknir af lífi? Myndin snýst líka um mannlegan breyskleika, þar sem vísað er í svik Júdasar og afneitun Péturs, og spurninguna um hvort Guð geti fyrirgefið.

Það kemur ekki á óvart að Martin Scorsese skuli gera mynd sem hefur að geyma áleitinn trúarstef. Þau hafa gjarnan sést í myndum hans og enduróma kaþólskan bakgrunn hans. Í *Silence* gengur hann lengra en áður í að takast á við tilvistarspurningar sem tengjast trú, örvæntingu og efa, og byggir þar á sögulegri skáldsögu Shusaku Endo, sem hafði mikil áhrif á hann. Í bókinni er Endo einmitt að takast á við þverstæður lífsins og kristinnar trúar. Gerð myndarinnar er á sinn hátt hluti af trúarlegri glímu Scorseses sjálfs um leið og hann er þeirrar skoðunar að myndin eigi erindi til fólks á tímum veraldarhyggju þegar spurningar um merkingu andlegs lífs verða ágengar. Hún er jafnframt í samhengi við aðrar myndir hans þar sem trúar- og tilvistarspurningar koma gjarnan fyrir. Það á þó einkum við um myndirnar *Síðasta freisting Kristis* og *Kundun* þar sem hann tekur til skoðunar spurningar um eðli Kristis annars vegar og eðli trúar hins vegar. Í *Silence* snýst svo spurningin um merkingu trúarinnar á Krist og hvað felst í að fylgja honum.

Það er augljóst að bakgrunnur Scorseses hefur haft mikil áhrif á nálgun hans á efninu og framsetningu myndarinnar og birtist það ekki síst í því hvernig hann nýtir sér arfleifið jesúitahreyfingarinnar og andlegar æfingar upphafsmanns hennar, Ignatiusar Loyola, til að fást við þær stóru trúarheimspekilegu spurningar sem tekist er á við í myndinni. Um leið vísar hann í tiltekna biblíutexta sem varpa ljósi á merkingu sögunnar um jesúitaprestana og örlög þeirra. Sú notkun er byggð á þeirri hefð jesúítanna að íhuga ítarlega líf og starf Jesú Kristis, eins og því er lýst í guðspjöllunum. Scorsese tekst með þessu móti að gefa trúarlegri glímu Rodrigues bæði merkingu og dýpt. Samsömunin við Krist er því áhugaverður túlkunarrámmi fyrir myndina og virðist ganga upp. Um leið verða þær spurningar sem fengist er við í myndinni ágengar. Scorsese vísar í kaþólska trúararfleifið um leið og hann setur spurningarmerki við margt í henni. Þannig vekur, að því er virðist misheppnað trúboð kaþólsku kirkjunnar í Japan, upp spurningar um áherslur á þeim vettvangi. Sjálflægni Rodrigues framan af setur hefðbundna hugmynd um píslarvættisdauða í uppnám. Þrá hans að líkja eftir Kristi hafði mótast af upphafningu og jafnvel draumum um píslarvætti. Gjaldið fyrir það verður þjáning annarra. Glíma Rodrigues við spurninguna um hvað það felur í sér að líkja eftir Kristi setur hugmyndir um eðli kristinnar trúar og merkingu hennar í brennidepil. Smám saman verður honum ljóst að

hann getur ekki líkt eftir Kristi á þann hátt sem hann vænti. Það er fyrst í niðurlægningunni og algjörri samsömun í örvæntingu og þjáningu sem Rodrigues hlýtur loks dýpri þekkingu og skilning á þjáningum Krists. Kærleikur, samúð og miskunnsemi verða þá leiðarstef. Kærleikur gagnvart hinum þjáðu leiðir til afneitunar á hinu dýrmætasta, þ.e. eigin trú, eigin trúarlegu sjálfsvitund. Um leið verða kærleikur og miskunn Krists jafnframt dýpst. Í raun setur Scorsese spurninguna um hvað skilyrðislaus kærleikur felur í sér í brennidepil og hvernig unnt er að auðsýna hann. Í myndinni sýnir Scorsese vel innri átök Rodrigues og áréttar með því hversu erfitt getur reynst að sýna skilyrðislausan kærleika

Scorsese er ekki fyrsti leikstjórinn til að fást við spurningar um þjáninguna, þögn Guðs og fjarveru og merkingu trúarinnar í óblíðum aðstæðum. *Silence* má því skoða í samhengi við myndir leikstjóra sem fást við hliðstæð viðfangsefni. Í því sambandi er áhugavert að bera hana saman við þrileik Ingmars Bergman, þar sem hann segir sögur af fólki í hversdagslegum aðstæðum sem glímur við trú og efa og það hvort trúin á Guð sé blekking. Sú spurning vaknar hvort það beri vitni um ólíkan bakgrunn leikstjóranna að Bergman, sem er prestssonur og mótaður í lúthersku samhengi, skuli velja sögur af fólki í hversdagslegum aðstæðum, meðan Scorsese, sem er mótaður af kaþólsku samhengi, velur sögu tveggja jesúítapresta á 17. öld í framandi aðstæðum sem viðfangsefni. Athyglisvert er þó að sjá að spurningin um kærleikann verður niðurstaðan hjá báðum.

Mynd Scorseses, *Silence*, gengur inn í aldalanga hefð heimspekilegrar og tilvistarlegrar glímu við þjáninguna og þögn Guðs. Sálmar og harmljóð Gamla testamentisins bera þeirri glímu vitni ásamt skrifum heimspeklinga og rithöfunda á öllum tímum. Hún á því erindi inn í umræðuna um merkingu trúarinnar á tímum veraldarvæðingar þegar fólk glímur við spurningar um tilgang lífsins og merkingu andlegs lífs. Það á ekki síst við þegar kreppir að og fólk horfist í augu við þjáningu og böll og spurningin um tilvist Guðs og nálægð verður knýjandi.